

Þriðjudaginn 7. október 1980.

Nr. 176/1980. **Holberg Másson**
 gegn
dómsmálaráðuneytinu.

Kærumál. Afplánun refsivistar samkvæmt erlendum dómum.
 Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
 son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P.
 Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með kæru 23. september 1980, sem barst Hæstarétti ásamt
 gögnum máls hinn 25. s. m., hefur sóknaraðili skotið hin-
 um kærða úrskurði, uppkveðnum 19. þess mánaðar, til
 Hæstaréttar. Kröfugerð lögmanns hans, dags. 2. október
 1980, barst Hæstarétti 3. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

- „1. Aðallega: Að synjun dómsmálaráðuneytisins um afplán-
 un kæranda á 2 sænskum refsidómum í sænsku fang-
 elsi verði metin ólögmat.
2. Til vara: Að hin dæmda refsivist kæranda í Svíþjóð
 „fängelse“ verði við fangelsisvist hérlandis stýtt að daga-
 tölu í samræmi við 79. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr.
 69/1963.
3. Að mér séu ákvörðuð málsvarnarlaun vegna málsins
 í héraði og fyrir Hæstarétti“.

Engin sérstök greinargerð hefur borist Hæstarétti frá
 varnaraðilja og eigi heldur kröfugerð.

Lögmæti ákvörðunar um, að sóknaraðili skuli hér á landi
 afplána refsivist samkvæmt hinum sænsku refsidómum, sbr.
 1. mgr. 3. gr. og 20. gr. laga nr. 69/1963, mátti hann bera und-
 ir dómstóla samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga þessara. Sam-
 kvæmt síðastgreindu ákvæði i. f. skal mál um sakarefni þetta
 fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Þykir
 rétt að skýra ákvæði þetta svo, að reka skuli slíkt mál fyr-
 ir sakadómi og að það sæti kæru til æðra dóms samkvæmt

grunnrökum 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 19. september 1980 að sóknaraðilja fjarstöddum. Fékk hann vitneskju símleiðis um uppkvaðninguna að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, þar sem hann afplánar refsivist samkvæmt dómum þeim, sem mál þetta er af risið. Fól hann lögmanni sínum að skjóta máli þessu til Hæstaréttar. Verður við það að miða, að kæru hafi verið lýst innan lögboðins frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann um 1. og 2. tölu-lið kröfugerðar sóknaraðilja.

Málskostnaður í héraði verður ekki dæmdur og eigi heldur kærumálskostnaður.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Lagaheimild skortir til þess að kæra dómsúrlausn þessa til Hæstaréttar. Tel ég því, að vísa beri kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. september 1980.

Ár 1980, föstudaginn 19. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp úrskurður í málinu: Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður f. h. Holbergs Mássonar gegn dómsmálaráðuneytinu, sem dómtekið var sama dag.

Sóknaraðili hefur í bréfi til dómsins 15. þ. m. gert svofelldar dómkröfur f. h. refsifangans Holbergs Mássonar:

1. Að orðið verði við kröfu hans um, að hann fái að ljúka í sænsku fangelsi fullnustu tveggja refsidóma, uppkveðnum í Svíþjóð.

2. Að refsivist hans verði færð til tilsvareandi refsingar skv. íslenskum lögum.

3. Lögmaðurinn hefur loks krafist málsvarnarlauna úr ríkis-sjóði.

Málefni þetta hafði fyrst borist sakadóminum með bréfi dómsmálaráðuneytisins 28. f. m. Fylgdi því m. a. ljósrit af bréfi Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns til ráðuneytisins, þar sem þess var óskað, að málinu yrði vísað til „hlutaðeigandi aðila“, einnig ljósrit af bréfi Holbergs Mássonar sjálfs, þar sem hann óskar þess að fá að afplána refsingu sína í Svíþjóð og að málinu verði vísað til sakadóms, ef beiðnin verði ekki tekin til greina.

Lögmanninum var með bréfi dómsins 29. f. m. gefinn kostur á að gera ákveðnar dómkröfur og rökstyðja þær. Það hefur hann gert með áðurnefndu bréfi sínu, dags. 15. þ. m.

Af gögnum málsins kemur fram, að Kriminalvárðsstyrelsen í Svíþjóð hefur 18. febr. sl. óskað eftir við dómsmálaráðuneytið, að fullnusta tveggja sænsku refsidóma á hendur Holberg Mássyni, fæddum 21. sept. 1954, færi fram á Íslandi. Er hér um að ræða dóm yfirdómsins (hovrættens) í Skáni og Bleking 14. maí 1979 (9 mánaða fangelsi) og dóm yfirdómsins í Vestur-Svíþjóð 30. okt. 1979 (2 ára fangelsi). Fullnusta refsingar hefur hafist 19. júní 1980 og lýkur að fullu 20. nóv. 1981.

Einnig sýna gögn málsins, að dómsmálaráðuneytið hefur fallist á beiðnina 14. mars og Holberg svo verið fluttur hingað 14. apríl og sætt afplánun hér síðan. Enn fremur kemur fram, að hann er íslenskur ríkisborgari.

Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hefur í áðurnefndu bréfi rökstutt dómkröfur sínar. Telur hann kjör Holbergs sem fanga hér á landi mun lakari en vera mundi í sænsku fangelsi. Þá telur hann, að Holberg eigi að taka refsingu sína hér út í varðhaldi, en ekki fangelsi, svo sem raunin sé. Refsitageundin fängelse í Svíþjóð svari til varðhalds hér á landi.

Dómsmálaráðuneytið hefur einnig lagt fram greinargerð. Þar er bent á, að í fyrri dóminum hafi Holberg verið dæmdur til þess að þola brottvisun úr Svíþjóð og hann hafi engin tengsli við það land. Ráðuneytið kveðst telja, að skv. lögum 69/1963 sé það

Þess að taka ákvörðun um, hvort óskað skuli eftir fullnustu dóms annars staðar á Norðurlöndum og synjun á slíkri beiðni verði ekki borin undir dómstóla. Eigi hafi heldur verið grundvöllur til þess að bera undir dómstóla samþykki ráðuneytisins á beiðni um fullnustu áðurnefndra tveggja refsídóma hér á landi.

Ráðuneytið bendir á það í bréfi til Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, að síðan 1965 sé í Svíþjóð einungis um eina tegund refsivistar að ræða, þ. e. fängelse, en refsitegundin straffarbete hafi þá verið felld úr lögum.

Samkvæmt 22. gr. laga 69/1963 var heimilt að bera undir dóminn ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um, að Holberg Måsson skyldi afplána refsingu sína hér á landi, þó einungis til úrlausnar á því, hvort sú ráðstöfun hafi verið lögmæt, en ekki því, hvort hún hafi verið heppileg eða sanngjörn. Mat á þeim atriðum er ráðuneytisins eins og verður ekki skotið til dómstóla.

Í 3. gr. laga 69/1963 segir, að fullnægja megi hér á landi sænskum dómum um straffarbete og fängelse, enda sé dómfelldi íslenskur ríkisborgari eða staddur hér á landi. Samkvæmt 4. gr. skal straffarbete í sænskum dómi þá svara til fangelsis hér á landi, en fängelse til varðhalds. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að fangelsi komi í stað síðarnefndrar refsitegundar, ef refsivist hefur verið dæmd 3 mánuði eða lengri tíma. Svo sem áður greinir, hefur refsitegundin straffarbete nú verið úr lögum numin í Svíþjóð.

Samkvæmt þessu er enginn vafi á lögmæti þeirrar ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins, að fullnusta refsídóma Holbergs Måssonar, uppkveðinna í Svíþjóð, skuli fara fram hér á landi og að hann taki út refsivist sína hér sem fangelsisvist. Kröfum sóknaraðilja, liðum 1. og 2., er því hafnað. Sama er að segja um 3. kröfulið (um málsvarnarlaun), sem skortir allan lagagrundvöll.

Úrskurðarorð:

Kröfur sóknaraðilja verða ekki teknar til greina.